

Reykjavík, 25. maí 2025

Kynningarbréf

Eftirfarandi er kynning fyrir mig, Þorbjörgu Ingu Jónsdóttur, vegna framboðs til setu í stjórn Lífeyrissjóðs bænda. Ástæða framboðsins er áhugi á störfum lífeyrissjóða almennt og ekki síst á því sviði sem sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs bænda starfa almennt þar sem ég er fædd og uppalin á sauðfjár- og kúabýli að Snæringstöðum í Vatnsdal. Aðalheimili mitt er í Mosfellsbæ þar sem ég bý ásamt fullorðnum börnum mínum tveimur og tengdasyni en ég dvel einnig mikið á Akureyri vegna vinnu og í leyfi þar sem ég á þar litla íbúð í miðbænum.

Í dag er ég lögmaður á eigin lögmannsstofu og hef haft lögmennskuna að aðalstarfi í nærfellt 30 ár, eða frá vorinu 1996. Fyrir það var málflutningur fyrir dómi fyrir Ábyrgðasjóð launa og Atvinnuleysistryggingasjóð einnig hluti af mínu starfi sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa og síðan vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og er það áhugi minn á málflutningi sem varð til þess að ég fór í sjálfstæðan rekstur. Fyrst stofnaði ég lögmannsstofuna Lögbæ í Mosfellsbæ og Fasteignasölu Mosfellsbæjar og síðan lögmannsstofuna Lagapíng vorið 2001. Vegna reksturs eigin fyrirtækja þá hef ég langa reynslu af stjórnun og finnst áhugavert að takast á við slík verkefni auk þess sem það hefur alla jafna gefist vel í mínum störfum.

Ég hef á þessum árum sinnt hagsmunagæslu og málflutningi bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki svo og félagasamtök og ríkisstofnanir að einhverju leyti og hef því mikla reynslu af mannlegum samskiptum og samstarfi við fólk á öllum sviðum mannlífssins. Þá leiddi ég lengi yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar sem formaður 2001-2022 sem fól meðal annars í sér verkstjórn í þeim kosningum sem fram fóru í sveitarfélaginu, og var nefndarmaður í húsnæðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins. Einnig hef ég gegnt trúnaðarstörfum í stjórnnum félagasamtaka bæði hérlandis og í alþjóðlegu félagi sem hefur gefið mér góða færni til að sinna sambærilegum störfum, auk starfa í stjórn sparissjóðs og nefndum á vegum ríkisins til langs tíma.

Málflutningur fyrir dómi á öllum dómstigum hefur verið fyrirferðamesti hlutinn í mínum lögmannsstörfum og hef ég flutt hátt í 2000 mál fyrir dómi á þessum tíma. Jafnframt er skjalagerð stór hluti af lögmannsstarfinu og hluti af þeim nefndarstörfum sem ég hef sinnt, þ. á m. að rita úrskurði. Ég tel mig hafa mjög gott vald á íslensku máli og einnig á ensku, þ.e. að tala og rita. Til viðbótar við ensku tala ég dönsku, og hef nokkra þekkingu í þýsku og frönsku svo og norsku og sænsku.

Alla tíð hef ég haft mikinn áhuga á stjórnkerfinu og stjórnámálum í víðu samhengi og ólst upp á heimili þar sem umræða um stjórnsmál var nánast dagleg og mikil áhersla lögð á að allir þyrftu að vera vel að sér um samfélagsleg efni. Af þeim sökum vorum við systkinin enn í grunnskóla þegar við höfðum öðlast góða þekkingu á íslenskrí stjórnskipan.

Á síðasta ári ákvað ég að breyta til og taka mér leyfi frá störfum að hluta, til að sinna námi og rannsóknum á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum, sem er samstarfsverkefni 43 evrópskra háskóla, stofnað 2002 í því skyni að auka þekkingu og umræðu á þessu sviði á heimsvísu. Fyrri hluta námsins lauk með fræðsluferð til Kosovo þar sem við funduðum með fulltrúum allra helstu stofnana samfélagsins sem og frjálsu félagasamtökum og alþjóðastofnunum þar sem umfjöllunarefnið var einkum úrvinnsla eftir stríð og uppbygging lýðræðis. Í febrúar færðist ég síðan yfir til Háskólans í Nottingham fyrir seinni hluta námsins þ.á m. rannsóknarhlutann. Þessu námi lýk ég með skilum á rannsóknarritgerð í lok júní og hefur námið gefið mér aukinn áhuga á að færa mig til í starfi.

Ég tel að reynsla mín í starfi sem lögmaður, stjórnarmaður í sparisjóði og nefndarmaður í stjórnsýslunefndum geri mig vel hæfa til að sinna þessu starfi auk þess sem menntun mín bæði í lögfræði og viðskiptafræði ætti að mæta vel þeim kröfum sem gerðar eru.